



Reykjavík, 31. janúar 2024


MSS24010252

Ráðningabréf borgarstjórans í Reykjavík

1. Laun borgarstjóra eru kr. 2.477.850 á mánuði m.v. janúar 2024 og taka breytingum til samræmis við samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.
2. Borgarstjóri fær greiddan fastan starfskostnað og er hann kr. 146.235 á mánuði m.v. janúar 2024 og tekur breytingum til samræmis við samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.
3. Borgarstjóri nýtur sömu almennra réttinda og æðstu stjórnendur hjá Reykjavíkurborg, s.s. varðandi orlof, rétt til fjarvista á launum vegna veikinda og slysa og slysatrygginga, sbr. reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg.
4. Borgarstjóri greiðir iðgjald í lífeyrissjóð og nýtur þar réttinda eins og aðrir sjóðfélagar í samræmi við samþykktir Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Mótframlag Reykjavíkurborgar í ofangreindan lífeyrissjóð og vegna séreignasparnaðar fer samkvæmt almennum reglum.
5. Borgarstjóri hefur embættisbifreið til umráða.
6. Borgarstjóri á rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi, með sama hætti og æðstu stjórnendur Reykjavíkurborgar sbr. reglur um réttindi og skyldur stjórnendur borgarinnar.
7. Um ferðaheimildir og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar vegna ferða borgarfulltrúa utan- og innanlands fer eftir verklagsreglum og leiðbeiningum um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar.

Ráðningabréf þetta er gefið út í samræmi við ákvæði 54. gr. sveitarstjórnarlaga og tilskipunar um skyldu vinnuveitanda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningar- fyrirkomulagi, sbr. tilskipun 91/533/EBE og tekur ráðningin gildi við samþykkt borgarstjórnar á fundi hennar 16. janúar 2024 og gildir til 31. maí 2026.

Reykjavík, 31. janúar 2024



F.h. borgarstjórnar Reykjavíkurborgar
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir



Reykjavík